

Tillaga um breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (EES-reglur, plastvörur). Umsögn Pure North Recycling vegna frumvarps.

Það er jákvætt að drergið sé úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið og löngu tímabært að unnið sé að bættri úrgangsstjórnun á Íslandi og stefna í átt að hringrásarhagkerfi. Það er mikilvægt í heildarendurskoðun að lög og reglugerðir taki mið af heildarmyndinni enda snýst hugmyndafræði hringrásarhagkerfis um allt ferlið en ekki hluta.

Söfnun er vel skilgreind í frumvarpinu en engin áhersla er lögð á sjálfa endurvinnsluna og í raun lítið sem ekkert fjallað um endurvinnslu. Endurvinnsla er mikilvægur hlekkur í hringrásarhagkerfinu. Mikilvægt er að gerður sé greinarmunur á endurvinnslu og aðferðum og hvaða umhverfisáhrif ólíkar aðferðir hafa, má þar nefna urðun, brennslu og endurvinnslu. Eins hvort endurvinnsla sé hluti af hringrásarhagkerfi Íslands eða tengist öðrum löndum.

Það er mikilvægt að ekki sé einungis horft til flokkunar og söfnunar heldur einnig hvernig umbúðir eru í notkun. Greinilegt og gott merkingarkerfi er lykilþáttur í flokkun og endurvinnslu. Koma þarf upp flokkunarkerfi á umbúðum þar sem umbúðir eru betur merktar og aðveldara verður að flokka þær og endurvinna. Gera þarf greinarmun um ómerktum og merktum umbúðum m.t.t. flokkunar. Ómerktar umbúðir ættu að hafa hærra úrvinnslugjald en merktar umbúðir þannig að kerfið hvetji til notkunar á merktum umbúðum. Í vinnslu er innleiðing á samnorðnu merkingarkerfi sem mun einfalda og flýta því að merkingar verði betri. Pure North Recycling finnur fyrir aukinni áherslu fyrirtækja á betri merkingar á plastumbúðir fyrir endurvinnslu og hefur með sérþekkingu sinni aðstoðað slíka aðila.

Útflutningur á úrgangi er ekki besta útfærslan á hringrásarhagkerfinu, hann bætir við kolefnislosun þjóðarinnar og færir oft vandamálið til annarra þjóða. Til þess að hringrásarhagkerfið virki sem best þarf kerfið að hvetja til endurvinnslu hér á landi og tryggja að hvatar séu ekki öfugir, sbr. að greiðslur séu hærri ef endurvinnanlegur úrgangur er sendur úr landi í stað þess að vera endurunnin hérlendis. Eins þarf að gæta jafnræðis milli landshluta og má þar sem dæmi nefna að greitt er flutningsjöfnunargjald frá Selfossi til Reykjavíkur en ekki frá Reykjavík á Selfoss.

Það þarf að laga kerfi Úrvinnslusjóðs með tilliti til merkinga á umbúðum og hvata til endurvinnslu hér á landi. Umbuna á þeim fyrirtækjum sem koma sínu plasti til endurvinnslu hér á landi og spara þá um leið heildarkolefnislosun þjóðarinnar. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að takast á við þessi mál. Ísland getur verið til fyrirmyndar í þessum málaflakki og getur orðið fyrsta þjóðin í heimi sem endurvinnur allt plast sem til fellur á landinu.

Pure North Recycling fagnar því að þessi vinna sé í gangi og hvetur jafnframt til þess að horft sé á heildarmyndina og lög og reglugerðir taki mið að því. Við hjá Pure North Recycling erum boðin og búin til frekari samvinnu sé þess er óskað.